

Ed.

603. Frumvarp til laga

[98. mál]

um sóknargjöld o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. mars.)

Samhljóða þskj. 102 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og telst eigi til skráðs trúfélags, sbr. 4. gr., og skal hann þá greiða til Háskóla Íslands í Háskólasjóð fjárhæð er nemur sóknargjaldi því sem honum hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar ef hann hefði talist til hennar, þó aldrei meira en 0,4 af hundraði.

Gjöld samkv. 4. og 5. gr. skal greiða til trúfélags eða Háskólans í samræmi við trúfélagsskráningu á þjóðskrá 1. desember næstliðinn.

7. gr. hljóðar svo:

Innheimtumönnum þinggjalda eða innheimtumönnum útsvara og annarra gjalda til sveitarsjóða er skylt að annast innheimtu gjalda samkvæmt þessum lögum ef sóknarnefndir eða stjórnir trúfélaga óska þess. Innheimtumaður stendur sóknarnefndum og öðrum þeim, sem gjald á að renna til, skil á innheimtu fé eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Um innheimtuþóknun fer eftir því sem um semst.

Sóknarnefndir geta sjálfar annast innheimtu framangreindra gjalda eða falið það sérstökum innheimtumanni gegn þóknun er um semst. Stjórn trúfélags getur á sama hátt haft á hendi innheimtu gjalds samkvæmt 4. gr. Innheimtumenn þinggjalda innheimta gjöld samkvæmt 5. gr.

Sóknarnefndum og stjórnnum trúfélaga ber eigi síðar en 31. mars á álagningarárinu að tilkynna hlutaðeigandi skattstjóra, sbr. 6. gr., og innheimtumanni hverjum falin skuli innheimta gjalds samkvæmt ákvæðum I. kafla, svo og 4. gr. Ákveða má í reglugerð, sbr. 9. gr., tímamark fyrr á árinu.

8. gr. orðist svo:

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum samkvæmt I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar.

Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.

Sóknarnefndum ber að gera stjórn sjóðsins skil á gjaldi samkvæmt 1. mgr. eigi síðar en 30. apríl næstan á eftir að gjöld eru fallin í gjalddaga.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykktar héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.